

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 115/1999

frá 24. september 1999

**um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)
við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 94/1999 frá 16. júlí 1999⁽¹⁾.

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/68/EB frá 16. desember 1997 um samræmingu laga aðildarríkjanna er varða aðgerðir gegn losun mengandi lofttegunda og agna frá brunahreyflum færanlegra véla sem ekki eru notaðar á vegum⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður komi aftan við 1. lið (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/37/EB) í XXIV. kafla II. viðauka við samninginn:

„1a. **397 L 0068:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/68/EB frá 16. desember 1997 um samræmingu laga aðildarríkjanna er varða aðgerðir gegn losun mengandi lofttegunda og agna frá brunahreyflum færanlegra véla sem ekki eru notaðar á vegum (Stjtið. EB L 59, 27.2.1998, bls. 1).“

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 296, 23.11.2000, bls. 60 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 55, 23.11.2000, bls. 109.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 59, 27.2.1998, bls. 1.

2. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í 44. lið (tilskipun ráðsins 88/77/EBE) í I. kafla II. viðauka við samninginn:

„- **397 L 0068**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/68/EB frá 16. desember 1997 (Stjtið. EB L 59, 27.2.1998, bls. 1).“

3. gr.

Fullgiltur texti tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 97/68/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 31. desember 1999, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 24. september 1999.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

N. v. Liechtenstein

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

G. Vik

E. Gerner

